Er Evrópusambandið bótaábyrgt?

I

Hugleiðingar um bótaábyrgð íslenska ríkisins vegna innleiðingar tilskipunar nr. 94/19/EB um innlánatryggingakerfi.

Í grein sem við undirritaðir birtum í Morgunblaðinu þann 15. október 2008 og fjallaði um ábyrgð ríkisins á innlánum komumst við að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið bæri ekki ábyrgð á innistæðum í útibúum íslenskra banka erlendis við hugsanlegt gjaldþrot íslensku bankanna heldur aðeins viðkomandi tryggingarkerfi sem hér á landi er Tryggingasjóður innistæðueigenda og fjárfesta. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun lögum samkvæmt. Jafnframt bentum við á að umrædd tryggingarkerfi væri í fullu samræmi við ákvæði tilskipunar 94/19/EB um innlánatryggingakerfi. Niðurstöður okkar voru einkum byggðar á eftirfarandi:

1. Hlutverk tryggingakerfanna samkvæmt tilskipuninni væri ekki að takast á við allsherjar bankahrun eins og gerst hefði hér á landi. Ef svo hefði verið hefði þurft að greiða gífurlegar fjárhæðir inn í Tryggingasjóðinn, t.d. á árinu 2008, sem næmi mörgum tugum prósenta af heildarinnlánum það ár. Fyrrgreind niðurstaða var talin styðjast við lokamálslið 24. málsgreinar aðfararorða tilskipunarinnar (en málsgreinin fjallar um fjármögnun innlánatryggingakerfa) þar sem gert er ráð fyrir að fjármögnunin megi ekki stefna stöðugleika viðkomandi bankakerfis í hættu. Stöðugleiki viðkomandi bankakerfis hefði einmitt verið í hættu við aðstæður. Fjármögnunin hefði orðið að vera úr öllu hófi. Því hafi orðið að gera ráð fyrir að tilskipunin tæki einungis á meðaláföllum þannig að greiðslur í tryggingasjóði stefndi ekki stöðugleika viðkomandi bankakerfis í hættu.

2. Bent var á að ákveðnar reglur væru um inngreiðslur í sjóðinn samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Heildareign innistæðudeildar sjóðsins skyldi nema að lágmarki 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Engin ákvæði væru um það í viðkomandi tilskipunum hvernig fjármagna ætti sjóðinn. Ganga yrði út frá því að þessar reglur íslenskra laga hafi verið tilkynntar viðkomandi yfirvöldum (hér Eftirlitsstofnun EFTA) í samræmi við fyrrgreinda tilskipun og væri ekki kunnugt um að neinar athugasemdir hafi komið fram. Því mætti leggja til grundvallar að innleiðingin hafi verið rétt að þessu leyti. Þá hafi komið fram þessu til staðfestingar að fjármögnun tryggingarkerfanna er með ýmsum hætti innan EES og verður síðar að því vikið.

3. Í 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar væri gert ráð fyrir því að lánastofnun hafi ekki fullnægt skyldum sínum og kveðið á um aðgerðir af því tilefni. Mætti þá eftir atvikum útiloka viðkomandi lánastofnun frá markaðnum með skýru samþykki lögbærra yfirvalda en þá með minnst 12 mánaða fyrirvara. Ákvæðið þótti sýna að jafnvel þótt eitthvað hafi verið athugavert við innlánatryggingar umræddra útibúa Landsbankans á árinu 2008, t.d. að skyldubundin framlög til Tryggingarsjóðs hafi ekki verið greidd, hefði ekki ennþá verið unnt að koma viðurlögum samkvæmt tilskipuninni í framkvæmd.

4. Þá var bent á að væru reglur tilskipunarinnar túlkaðar með þeim hætti að greiða ætti framangreindar fjárhæðir að fullu til innstæðueigenda hvernig sem á stæði gæti það bakað

smáum ríkjum gífurlegar fjárhagslegar skuldbindingar sem settu fullveldisrétt þeirra í hættu. Smáríki væru mun útsettari fyrir þessari hættu en stærri ríkin því að bankastofnanir þeirra ættu í útrás mun auðveldara með að ná óhóflegu hlutfalli af tekjum viðkomandi þjóðarbús heldur en í stærri ríkum. Slíkur mismunur milli minni og stærri ríkja varðandi áhættu í útrás gæti hvorki verið tilgangur tilskipunarinnar né leitt af henni.

5. Loks þótti athyglisvert að hvergi væri í tilskipuninni kveðið á um sérstaka ábyrgð aðildarríkjanna á skuldbindingum Tryggingarsjóðsins, t.d. í tengslum við þær 20.000 ECU sem þar eru nefndar í 7. gr. hennar. Reyndar væri þvert á móti sagt í aðfararorðum tilskipunarinnar að aðildarríki beri ekki ábyrgð á gagnvart innistæðueigendum ef það hefur komið á fót innlánatryggingarkerfi í samræmi við tilskipunina.

Niðurstaða okkar var því sú að þessar röksemdir samanlagt leiddu til þess að íslenska ríkið bæri enga ábyrgð á innistæðum útibúa innlendra banka við gjaldþrot þeirra.

Þá fjölluðum við einnig um áhrif þess að íslenska ríkið tryggði innlánseigendum á Íslandi þeirra innistæður sem er umfram skyldur. Hafa sumir haldið því fram að með þessu hafi innlánseigendum verið mismunað með ólögmætum hætti. Okkar niðurstaða var sú að svo væri alls ekki eins og rökstutt var í greininni.

II

Niðurstöður evrópskra stofnana og ríkja um hlutverk tilskipunarinnar

Bankanefnd Frakklands samdi heildarskýrslu fyrir seðlabanka Frakklands árið 2000. Jean Claude Trichet var þá formaður bankanefndarinnar en hann er nú bankastjóri Seðlabanka Evrópu. Skýrslan lýsir franskri löggjöf frá 1999 um breytingu á frönsku bankalögunum frá 1994 þar sem tilskipun 94/19/EB um innlánatryggingakerfi var innleidd. Í skýrslu þessari segir svo á bls. 187:

> "Même si l'objectif de renforcement de la stabilité du système bancaire a été clairement affiché, il n'en demeure pas moins que, comme dans la plupart des pays disposant de systèmes de garantie des dépôts élaborés, le dispositif français ne vise pas à traiter des crises de nature systémique, qui relèvent d'autres moyens d'actions."[1]

Samkvæmt þessu leit seðlabanki Frakklands svo á að frönsku lögin um innlánatryggingarkerfi tæki ekki á aðstæðum eins og bankahruni heldur yrði að beita öðrum aðferðum til að ná til þess. Af þessum ummælum má einnig álykta að Frakkar hafi talið sig innleiða fyrrgreinda franska löggjöf að öllu leyti í samræmi við tilskipun 94/19 þar eð ella hefðu þeir ekki lögtekið hana með þessum hætti.

---

[1] Á ensku: "Although the goal of enhancing the stability of the banking system was clearly stated, the system introduced in France, as in most countries possessing formal deposit guarantee schemes, was not meant to deal with systemic crisis, for which other measures are needed.

Einnig má hér nefna fréttatilkynningu framkvæmdastjórnarinnar frá því á haustdögum 2008. [2] Þar kemur m.a. fram að innlánstryggingakerfi aðildarríkjanna sé mismunandi og að aðildarríkjunum sé frjálst að velja það kerfi sem best henti bankakerfi þeirra. Í sumum kerfanna sé greitt samtímis af innlánum en í öðrum sé greitt eftir á. Einnig kemur fram að prófun hafi verið gerð á innlánstryggingakerfunum sem hafi tekið mið af bæði meiri og minni háttar áföllum í bankakerfinu. Í ljós hafi komið að **flest** (auðkennt hér) kerfin hafi verið í stakk búin til að mæta **meðaláföllum** (auðkennt hér). Loks kemur fram að framkvæmdastjórnin vinni nú að ákveðnum breytingum, einkum á hækkun lágmarksábyrgðar.

Þá er einnig rétt að rifja upp að nú í haust ákváðu Írar að bæta á næstu tveimur árum ríkisábyrgð við þá ábyrgð sem Tryggingarsjóður innlána, sambærilegur þeim sem við höfum hér á landi, veitti innlánaeigendum. Þessi ákvörðun náði þó einungis til sex tilgreindra írskra banka. Við þessar fréttir kom fram sú afstaða Breta og fleiri aðildarríkja ESB að Írum væri þetta óheimilt þar sem þetta fæli í sér ríkisaðstoð sem skekkti samkeppnisstöðu banka á Evrópusambandssvæðinu. Ætti þetta bæði við almennt við um samkeppnisstöðu banka í Evrópu en einnig alveg sérstaklega á Írlandi þar sem ekki fengu allir bankar þessa ríkisábyrgð. Er þetta mál nú til skoðunar hjá ESB. Reyndar hafa ríki sem harðlega gagnrýndu þessa ákvörðun Íra síðan tekið upp ríkisábyrgð að hlut eða öllu leyti á innlánum. Má um þetta m.a. vísa til Bloomberg fréttaveitunar sem flutti af þessu fréttir t.d. þann 1. október 2008 og Independent fréttaveitunar sem fjallaði um þetta degi seinna og Guardien þann 5 október. Sýnir þetta að afstaða stærstu aðildarríkjanna í ESB virðist í lok september 2008 hafa verið sú að ekki væri heimilt að tryggja innlán með ríkisábyrgð þar sem það hefði áhrif á samkeppnisstöðu á fjármálamarkaði.

Niðurstaðan er því sú að seðlabanki Frakklands og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafa bæði gefið sterklega í skyn að tilskipunin sé ekki til þess fallin að mæta stóráföllum eins og bankahruni. Sum aðildarríkin hafa auk þess gert fyrirvara varðandi lögmæti þess að veita ríkisábyrgð til viðbótar þeirri tryggingu sem innlánstryggingakerfin veita.

III

Um réttmætar væntingar

Reglan um réttaröryggi er ein af meginreglum EB réttar. Í grundvallaratriðum felur hún í sér kröfu um að löggjöf sé skýr og fyrirsjáanleg. Meginreglan um réttmætar væntingar er önnur regla sem hefur tengsl við meginregluna um réttaröryggi. Þessar tvær meginreglur eru hluti af óskráðum meginreglum í bandalagsrétti og hafa verið sem slíkar staðfestar í dómaframkvæmd dómstóls Evrópubandalagsins. Stofnanir Evrópusambandsins eru bundnar af þessum meginreglum rétti eins og öðrum reglum í bandalagsrétti. Aðalrökin fyrir þeim eru að þeir sem þurfa að fara eftir reglum bandalagsréttar verða að hafa vissu fyrir því hvað felist í löggjöfinni svo þeir geti gert fyrirfram áætlanir um hegðun sína á viðskiptamarkaði. Það er grundvallaratriði í viðskiptum að unnt sé að gera áætlanir fram í tímann. Af því leiðir að gerð er rík krafa um nákvæma löggjöf á þessu sviði til að koma í veg fyrir réttaróvissu og til að stuðla að árangursríkum viðskiptum.

Hver sá sem starfar á viðskiptamarkaði getur því eftir atvikum reitt sig á vernd meginreglunnar um réttmætar væntingar hafi stofnun Evrópusambandsins gefið honum

[2] Sjá: http://ec.europa.eu/internal_market/bank/guarantee/index_en.htm. Sótt 15. desember 2008.

einhvers konar væntingar um ákveðin atriði. Bæði loforð, leiðbeiningar, tilkynningar eða önnur gögn frá stofnununum geta verið til þess fallin að vekja slíkar væntingar. Þannig er almennt hægt að segja að forsenda þess að meginreglan verði virk sé sú að ákveðnar væntingar hafi vaknað sem rekja megi til aðgerða stofnana sambandsins. Því verður að vera orsakasamband þarna á milli.

Enn fremur verður að telja að skilyrðunum um réttmætar væntingar sé því aðeins fullnægt að væntingar viðkomandi séu réttmætar, þ.e. að þær séu hlutlægt séð réttlætanlegar. Hér verður aðalviðmiðunin hvort góður og gegn maður með almenna reynslu og þekkingu hefði getað byggt ákvarðanir sínar á þessum væntingum.

Í EB rétti vekur það athygli að ekki aðeins stjórnsýsluathafnir geta skapað réttmætar væntingar heldur einnig *afleidd löggjöf*. Þannig getur afleidd löggjöf, sem hvetur aðila á viðskiptamarkaði til að fara ákveðna leiðir eða heitir honum skaðleysi, leitt til réttmætra væntinga sem svar við aðstæðum sem upp koma og aðili gat ekki séð fyrir eða áttað sig á.

Rökin á bak við þetta eru að þeir sem bregðast við slíkum hvatningum frá stofnunum EB sem ekki er innistæða fyrir ættu ekki að verða fyrir tjóni vegna þess. Þær geta því með öðrum orðum leitt til skaðabótaábyrgðar. Dæmi um mál af þessu tagi er dómur frá árinu 1988, bls. 2321 (mál nr. 120/86, J. Mulder gegn Minister van Landbouw en Visserij, sbr. einnig dóm frá árinu 2005, bls. 1975 í máli nr. C-342/03, Spánn gegn ráðinu).

Niðurstaðan er því sú að fyrirheit í afleiddri löggjöf sambandsins, hér tilskipunum, geta skapað réttmætar væntingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem veitir þeim rétt til skaðabóta að öðrum skilyrðum fullnægðum.

IV

Um skaðabótaskyldu stofnana Evrópubandalagsins

Ákvæði 235. gr. samningsins um Evrópubandalagið mælir fyrir um dómsvald dómstóls EB til þess að dæma í skaðabótamálum utan samninga á hendur Evrópubandalaginu vegna réttarbrota stofnana eða starfsmanna þess við framkvæmd skyldustarfa. Um öll nánari efnisskilyrði bótaskyldunnar er vísað í 2. mgr. 288. gr. samningsins. Kemur þar m. a. fram að samningurinn hefur ekki að geyma sjálfstæðar reglur um bótaskylduna heldur vísar til laga aðildarríkjanna í því efni. Segir nánar í 2. mgr. 288. gr. að um bótaskyldu fari eftir þeim meginreglum sem eru sameiginlegar í öllum aðildarríkjunum. Dómstóll bandalagsins verður því að móta slíkar sameiginlegar meginreglur með dómafordæmum. Þýðing tilvísunarinnar í 2. mgr. 288. gr. er því fyrst og fremst sú að löggjöf aðildarríkjanna verður frumheimild EB réttar um skaðabótaskyldu utan samninga.

Dómstóll bandalagsins er því aðeins bundinn af sameiginlegri lagahefð í aðildarríkjunum, t.d. að því er varðar orsakahugtakið, tjónshugtakið, gáleysishugtakið og fleira. Bótaskyldan verður þannig að byggjast á sök svo dæmi sé tekið. Talið er að sökin eða annar bótagrundvöllur þurfi að vera augljós og snerta mikilsverð réttindi viðkomandi. Rök fyrir ströngum skilyrðum fyrir bótaskyldunni eru að ekki megi íþyngja stofnunum EB um of er þær taka ákvarðanir. Þetta á ekki síst við þegar verið er að setja almennar reglur. Tjónþolar verða því að sætta sig við réttindaskerðingu innan vissra hóflegra marka. Á hinn bóginn geta réttmætar væntingar

örugglega orðið grundvöllur bótábyrgðar tjónþola á hendur stofnunum bandalagsins eins og dómafordæmi dómstóls bandalagsins bera með sér.

Málshöfðunarréttur er rúmur. Hann geta fyrst og fremst allir þeir aðilar átt sem eru búsettir eða hafa staðfestu í aðildarríkjunum og telja rétti sínum hallað. Aðrir virðast einnig hafa slíkan málshöfðunarrétt að öðrum skilyrðum fullnægðum, t.d. fyrirtæki utan bandalagsins sem framkvæmdastjórnin telst hafa brotið rétt á. Málshöfðunarfrestur er einnig rúmur því að hann er 5 ár frá því að skaðabótaskyldur atburður átti sér stað. Hann byrjaði því að líða við gjaldþrot bankanna í október 2008.

Niðurstaðan er því sú að stofnanir bandalagsins bera hefðbundna skaðabótaábyrgð á athöfnum sínum sem nær einnig til afleiddra gerða t.d. tilskipana. Bótaskyldan nær einnig til aðila utan bandalagsins ef því er að skipta.

V

Skapaði tilskipunin um innlánatryggingakerfi sjálfstæðan bótagrundvöll?

Í aðfararorðum tilskipunarinnar segir m.a. að um leið og takmarkanir á starfsemi lánastofnana séu fjarlægðar verði að huga að þeirri stöðu sem upp geti komið ef innlán í lánastofnun sem hefur útibú í öðrum aðildarríkjum verði ótiltækt. Nauðsynlegt sé við þær aðstæður að tryggja samræmda lágmarkstryggingu óháð því hvar innlánið sé í bandalaginu. Slík innlánstrygging sé jafnmikilvæg fyrir framgang sameiginlega markaðarins og varfærnisreglurnar. Enn fremur segir að innlánatryggingakerfin verði að koma til skjalanna um leið og innlán verði ótiltæk. Síðan er fjallað um lágmarkstryggingu og sagt að hæfilegt virðist að samræmda lágmarkstryggingin sé 20.000 ECU. Þessu er síðan fylgt eftir með 7. gr. tilskipunarinnar um að innlánatryggingakerfin tryggi að samanlögð innlán hvers innistæðueiganda séu tryggð upp að 20.000 ECU ef innlánin verði ótiltæk.

Í aðfararorðum tilskipunarinnar er sérstaklega tekið fram að aðildarríkin beri ekki ábyrgð gagnvart innistæðueigendum ef þau hafa komið á innlánatryggingarkerfi sem tryggja að innistæðueigendur fái bætur í samræmi við skilmála tilskipunarinnar. Hér að framan hafa stuttlega verið raktar helstu ástæður þess að ekki sé ástæða til að ætla að íslenska ríkið sé bótaskylt vegna framkvæmdar tilskipunarinnar. Er það fyrst og fremst stutt þeim rökum að tilskipunin geri enga kröfu um að fjármögnun innlánstryggingakerfanna. Hún getur því auðveldleg orðið of seinvirk, einkum þegar bankahrun á sér stað eins og gerðist hér á landi. Þessi sjónarmið virðist bankanefnd seðlabanka Frakklands styðja. Einnig hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekið undir þessi sjónarmiðað að minnsta kosti hluta til eins og rakið hefur verið.

Af framanrituðu verður ályktað að Evrópusambandið hefur fjarlægt allar takmarkanir til stofnsetningar fjármálafyrirtækja innan sambandsins (og EES) og jafnframt aflétt hömlum á fjármálastarfsemi. Jafnframt hefur sambandið með umræddri tilskipun nánast heitið innistæðueigendum í útibúum innlánsstofnana sem staðsettar eru annars staðar innan sambandsins, að þeir þurfi ekkert að óttast því að tiltekin lágmarkstrygging gildi ávallt gagnvart þeim.

Ekki hefur þó reynst að öllu leyti innistæða fyrir þessu heiti eins og sýnt hefur verið fram á hér að framan. Á hinn bóginn kunna hin fortakslausu orð tilskipunarinnar að hafa skapað

réttmætar væntingar fyrir þá innistæðueigendur sem um ræðir. Þær væntingar gætu síðan leitt til bótaábyrgðar fyrir stofnanir sambandsins í samræmi við það sem rakið hefur verið.

Niðurstaðan er því sú að orð tilskipunarinnar eru tiltölulega fortakslaus varðandi lágmarkinnlánstryggingar og að innlánstryggingarkerfin en ekki að aðildarríkin stæðu straum af þessu. Þessi fortakslausu orð reyndust þó haldlaus en fyrirheit tilskipunarinnar voru hins vegar til þess fallin að skapa réttmætar væntingar fyrir sparifjáreigendur.

VI

Hefur íslenska ríkið verið með órétti þvingað til að greiða innlánseigendum?

Eins og fram er komið felur texti tilskipunar 94/19/EB í sér ákveðið loforðsígildi sem kann að hafa skapað réttmætar væntingar hjá innlánseigendum lánastofnana um að það innlánstryggingakerfi sem Evrópusambandið kom á fót héldi í öllum tilvikum. Raunin varð þó sú að það hélt ekki við stóráföll á fjármálamarkaði eins og m.a. bankanefnd seðlabanka Frakklands hafði raunar óttast og bent á. Eigendur hugsanlegra bótakrafna á hendur stofnunum Evrópusambandsins eru fyrst og fremst innistæðueigendur lánastofnana.

Samkvæmt því sem fram hefur komið hjá forsætisráðherra og utanríkisráðherra m.a. í ræðum á Alþingi 17. nóvember 2008 er ljóst að forsendan fyrir því að lán fengust frá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum og ríkjum ESB var sú að Ísland lyki þeim málum sem vörðuðu innlánatryggingar í öðrum löndum. Í þessum ræðum kemur einnig fram að Ísland myndi að öðrum kosti stefna samningnum um EES í hættu og einangrast á alþjóðavettvangi. Þá kemur þarna fram að ekki hafi náðst samkomulag um að leysa úr þessum ágreiningi fyrir dómstólum eða með öðrum réttarfarslegum aðgerðum þar sem þeim hafi verið hafnað af gagnaðilum Íslands. Þá má ráða af ræðu forsætisráðherra á Alþingi að til að geta fengið eðlilegt verð fyrir eignir Landsbankans væri nauðsynlegt að þær kæmust í íslenskar hendur. Vegna aðgerða gistiríkja útibúa bankanna er ljóst að forsendan fyrir því væru samningar um greiðslur til innlánseigenda. Loks kemur eftirfarandi fram í ræðu forsætisráðherra: „En auðvitað er það rétt að ákveðnum þvingunum hefur verið beitt í þessu máli, þar er bara staða sem við þurfum að horfast í augu við.“ [3]

Ekki liggur fyrir á hvaða forsendum þessi ríki beitu Ísland þvingunum af þessu tagi en hins vegar liggur fyrir að þvingunin mun kosta þjóðina hundruð milljarða króna.

Séu fyrrgreind orð ráðherranna lögð til grundvallar verður ekki betur séð en að Evrópusambandið og ríki innan þess hafi byggt kröfur sínar ranglega á því að íslenska ríkið bæri ábyrgð á því að innlánseigendur fengju lágmarkstryggingu samkvæmt tilskipun EB greidda.

Af framangreindu er ljóst Evrópusambandið og að minnsta kosti sumar þjóðir þess hafa tekið þá ákvörðun að yfirfæra þessar „réttmætu væntingar“ um að löggjöf ESB tryggði að lágmarki greiðslu á 20.000 ECU, yfir á Ísland svo og kostnaðinn sem af því leiðir að Evrópusambandið skýtur sér undan því að axla ábyrgð á þeim gerðum sem stofnanir þess bera að líkindum

---

[3] Geir H. Haarde.2008./ Icesave reikningar og Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn. http://www.althingi.is/altext/hlusta.php?horfa=1&raeda=rad20081117T152335 Sótt 14.12.2008

ábyrgð á. Þannig er Ísland sá aðili sem ber kostnaðinn af því að löggjöf ESB stendur ekki undir „réttmætum væntingum“.

Niðurstaðan er því sú að samkvæmt orðum forsætisráðherra og utanríkisráðherra á Alþingi hefur Ísland verið beitt „þvingunum“ til að greiða innlánseigendum útibúa íslenskra lánastofnana erlendis án þess að lagaskylda væri fyrir hendi.

VII

Lokaorð

Þvinganir einar og sér geta leitt til þess að þeir samningar sem náðust með þeim séu óskuldbindandi fyrir íslenska ríkið enda teljast þær ólögmæt aðferð við að ná fram samningum í öllum siðuðum löndum. Má segja að það sé efni í sjálfstæða grein sem þó verður ekki gert að frekara umræðuefni hér.

Hins vegar er rökrétt að halda því fram að með þvinguninni hafi íslenska ríkið öðlast þá réttarstöðu sem innlánseigendurnir höfðu með sínar „réttmætu væntingarnar“. Þeirri réttarstöðu hefur áður verið lýst í köflunum hér að framan.

Íslenska ríkið virðist, á grundvelli þess sem hér hefur verið tekið til skoðunar, eiga tvo kosti í þeirri stöðu sem upp er komin:

Hinn fyrri er sú að höfða skaðabótamál fyrir dómstól Evrópubandalagsins á hendur stofnunum sambandsins sem grundvölluð væri á réttarstöðu innlánseigendanna. Þar yrði gerð krafa um það að sambandið greiddi Íslandi þær fjárhæðir sem það innleysti til innistæðueigenda innan Evrópusambandsins.

Síðari kosturinn er sá að hafa uppi sömu bótakröfur við hugsanlega aðildarsamninga Íslands og Evrópusambandsins. Við aðildarsamninga koma margvísleg atriði til skoðunar og ákvörðunar. Eitt þeirra gæti verið lausn á ágreiningi varðandi umræddar bótakröfur.

Stefán Már Stefánsson prófessor
Lárus L. Blöndal hæstaréttarlögmaður